



Keppnisreglur

1. Almennt

Reglur þessar gilda um allar keppnir í akstursíþróttum á Íslandi eins og þær eru skilgreindar af Federation Internationale de L'Automobile (FIA).

Keppnir eru haldnar eftir lögbók FIA (e. International Sporting Code (ISC)), keppnisreglum FIA, landsreglum Akstursíþróttasambands Íslands (AKÍS) og keppnisreglum viðkomandi keppni.

Komi upp misræmi á keppnisreglum einstakra greina og keppnisreglum AKÍS, þá gilda keppnisreglur AKÍS, sé misræmi á keppnisreglum AKÍS og keppnisreglum FIA þá gilda reglur FIA.

2. Keppnisdagatal

Keppnisdagatal næsta keppnistímabils skal liggja frammi fyrir 30. nóvember ár hvert.

3. Mót

Íslandsmeistararmót getur verið mótarið eða ein stök keppni.

Íslandsmeistararmót - Mótarið

Þegar Íslandsmeistararmót er mótarið þarf að lágmarki þrjár keppnir með einum eða fleiri gildum keppnisflokkum.

Lágmarksfjöldi keppenda sem hefja keppni í hverjum keppnisflokki skal vera þrír til að úrslit telji til meistarastiga.

Íslandsmeistararmót - Ein keppni

Þegar Íslandsmeistararmót er ein keppni á ári skal lágmarksfjöldi keppenda sem hefja keppni í hverjum keppnisflokki vera sex til að úrslit hans telji til Íslandsmeistara.

Bikarmót

Mót getur verið ein keppni eða fleiri.



4. Keppendur

Keppandi sem skráður er í akstursíþróttafélag innan vébanda AKÍS hefur rétt til þátttöku í aksturskeppnum. Keppandi skal framvísa gildu félagsskírteini á keppnisstað ásamt keppnisskírteini frá Akstursíþróttasambandi Íslands / AKÍS.

Hlutgengi keppenda er háð aðild að félagi innan ÍSÍ og að félagið standi í skilum með skýrslugerðir í samræmi við grein 8.1 í lögum ÍSÍ.

Keppandi keppir aðeins fyrir eitt félag á hverju keppnistímabili. Félagaskipti þurfa að eiga sér stað fyrir fyrstu keppni er viðkomandi keppir í og öðlast viðkomandi keppnisrétt strax.

Keppnisgjald keppnishaldara skal greitt samkvæmt upplýsingum við skráningu í keppnina. Einungis skráður keppandi og liðsstjóri hafa rétt til þess að koma fram ábendingum, kærum og kvörtunum til keppnishaldara.

5. Framkoma og ábyrgð

Keppandi og þjónustulið hans skal koma heiðarlega og drengilega fram við keppinauta sína og fylgja settum reglum.

Keppendur AKÍS heyra undir Lyfjaeftirlitsnefnd ÍSÍ og þær reglur sem um hana gilda.

Áfengismagn í blóði keppenda má ekki fara yfir 0,0 prómill þrjár klukkustundir fyrir keppni og þar til 30 mínútum eftir keppni.

Reykingar eru bannaðar á keppnisvæði og gildir það fyrir keppendur, aðstoðarmenn og starfsmenn að viðlagðri refsingu. Keppnishaldari getur skilgreint svæði þar sem reykingar eru heimilar.

Afskipti af úrslitum

Hver sem tengist, eða rökstuddur grunur er um að tengist, beint eða óbeint, ráðagerð um óeðlileg afskipti af úrslitum keppni með þeim hætti að ekki samræmist íþróttamannslegum leikreglum skal sæta viðurlögum sem ákvarðast á grundvelli alvarleika máls og felast í eftirfarandi:

- Keppnisbanni, tímabundnu eða ótímabundnu
- Tímabundnu eða ótímabundnu banni frá allri starfsemi tengdri akstursíþróttum



- Í alvarlegum tilfellum skal útiloka viðkomandi frá allri þátttöku í akstursíþróttum eða akstursíþróttamálum ævilangt

Að misbjóða öðrum

Ávallt skal sýna dómurum og starfsmönnum keppinnar tilhlýðilega virðingu og hvorki fara niðrandi orðum um þá, keppendur né áhorfendur og nota samfélagsmiðla á ábyrgan máta og hafi kynnt sér Siðareglur AKÍS fyrir samfélagsmiðla.

Hver sá sem misbýður öðrum einstaklingi eða hópi með fyrirlitningu, mismunun eða niðurlægingu í orði eða verki varðandi kynhneigð, kynferði, trúarbrögð, skoðanir, þjóðernisuppruna, kynþátt, litarhátt og stöðu að öðru leyti skal sæta refsingu í samræmi við ISC.

6. Rásnúmer

Rásnúmer í hverri keppnisgrein eru ákveðin af Akstursíþróttasambandi Íslands í samráði við keppnisráð hvarrar greinar. Rásnúmer eru yfirleitt byggð á lokastöðu meistaramóts fyrra árs. Nýir ökumenn fá rásnúmer eftir að skráning þeirra er staðfest og gefin út. Mótshaldari ber ábyrgð á gerð rásnúmera sem fara á keppnistæki.

7. Leyfi fyrir keppni

Til þess að mega halda aksturskeppni þarf keppnishaldari, að vera aðili að AKÍS og sækja um leyfi til samræmis við það sem stendur í Reglugerð um akstursíþróttir 507/2007 með síðari breytingum ([sjá hér](#)), svo og Verklagsreglum Ríkislögreglustjóra fyrir akstursíþróttir ([sjá hér](#)). Samkvæmt þeim verður að fá umsögn AKÍS til að mega halda keppni.

8. Keppnishaldari

Keppnishaldari er akstursíþróttafélag innan AKÍS sem ber ábyrgð á framkvæmd keppni.

AKÍS sér um umsagnir vegna keppna sem falla undir lögsögu þess.

Beiðni um umsögn AKÍS er rafræn í gegnum mótakerfi AKÍS og á sér stað um leið og keppni er stofnuð.

9. Umsagnarferli

Nauðsynlegt er að skrá keppni í mótakerfi AKÍS að minnsta kosti 15 dögum áður en ráðgert er að halda hana. Undir sérstökum kringumstæðum þar sem keppni er sett á vegna aðstæðna sem skapast (til dæmis ísakstur eftir frostakafli), má veita styttri skráningarfrest.

10. Nauðsynlegar upplýsingar fyrir keppni

Þegar keppni er skráð í mótakerfi AKÍS þurfa að liggja fyrir upplýsingar sem keppnishaldari þarf að nota til að stofna keppnina.

Hér að neðan eru helstu upplýsingar sem skrá skal í mótakerfi AKÍS:

Dagskrá

Dagskrá innihaldi almennar upplýsingar um keppnina, stað og dagsetningu og verðlaun.

Helstu stjórnendur

Til helstu stjórnenda heyra keppnisstjóri, skoðunarmaður, öryggisfulltrúi, og dómnefnd. Að auki dómarar og pittstjóri þar sem það á við.

Sérreglur

Heimilt er að gefa út sérreglur sem þá skulu samþykktar af keppnisráði hvernar greinar. Sérreglur mega innihalda dagskrá keppninnar og allar þær upplýsingar sem þar eiga að koma fram.

Upplýsingatafla keppninnar

Á upplýsingatöflu keppninnar eru allar upplýsingar um keppnishaldið birtar opinberlega í tímaröð, þar sem skjöl, ákvarðanir og úrslit eru tímasett. Þar skulu vera öll skjöl samkvæmt 7. grein ásamt ákvörðunum keppnisstjórnar og dómnefndar og úrslitum keppninnar. Upplýsingatafla keppninnar skal staðsett þar sem keppendur og starfsmenn eiga auðvelt aðgengi að henni. Heimilt er að staðsetningin sé á vefnum. Endanleg staðsetning upplýsingtöflunnar þarf að koma fram í mótakerfi AKÍS.

Skráning keppenda

Skráning keppenda fari fram í gegnum Mótakerfi AKÍS.

11. Skráningarfrestur

Keppnishaldari skal auglýsa skráningu í hverja keppni minnst 15 dögum fyrir keppni og skal skráning fara fram í gegnum mótakerfi AKÍS. Undir sérstökum kringumstæðum þar sem keppni er sett á vegna aðstæðna sem skapast (til dæmis ísakstur eftir frostakafla), má veita styttri skráningarfrest.

12. Starfsmenn keppinnar

Keppnistjórn skal skipuð hið minnsta keppnisstjóra, skoðunarmanni og öryggisfulltrúa sem hafa gild réttindi AKÍS til þess að sinna þeim störfum.

Stjórn AKÍS er heimilt að skipa í keppnisstjórn telji hún þess þörf.

Dómnefnd skal skipuð þrem hæfum mönnum þar af einn dómnefndarfulltrúi með réttindi og samþykktur af AKÍS og vera formaður dómnefndar (sjá nánar í ISC).

Starfsmenn keppinnar skulu skrifa undir sérstaka staðfestingu þess efnis að þeir fari eftir reglum keppinnar, keppnisreglum AKÍS ásamt ISC.

Keppnisstjóri, formaður dómnefndar, dómarmarar, skoðunarmenn og öryggisfulltrúar skulu vera af lista AKÍS yfir samþykktar starfsmenn og er þeim óheimilt að keppa í viðkomandi keppni. Til viðbótar geta skráðir starfsmenn keppinnar verið:

- ritari
- brautarstjóri
- pítstjóri
- ræsir
- tengiliður keppenda
- þulur
- fjölmiðlafulltrúi
- brautarstarfsmenn

13. Keppnisstjóri

Keppnisstjóri ber ábyrgð á framkvæmd keppni.

Eftirfarandi skjöl þarf keppnisstjóri að prenta út og hafa aðgengileg meðan keppni fer fram:

- Ábyrgðartrygging vegna framkvæmdar keppinnar



- Leiðarlýsing og tímaáætlun, ef við á
- Samþykki vegamálastjóra, ef við á
- Samþykki sveitarstjórnar
- Umsögn Akstursíþróttasambands Íslands
- Leyfi viðkomandi lögregluembættis / sýslumanns
- Afrit eða vísun í keppnisreglur
- Nafn, kennitala, sími og tölvupóstur stjórnenda keppinnar

Keppnisstjóri má hvorki gegna embætti öryggisfulltrúa né skoðunarmanns.

14. Skoðunarmaður

Öll keppnistæki skulu fara í gegnum keppnisskoðun og standast hana fyrir keppni. Ökumaður, ökumenn eða liðsstjóri skulu vera viðstaddir keppnisskoðun, þó í samræmi við reglur keppinnar. Skyld er að prófa bremsur í hverri skoðun. Skoðunarmaður samþykkir með keppnisskoðun flokkaskráningu keppenda. Skoðunarmaður ber ábyrgð á að öryggisatriði keppnistækis séu í lagi og að búnaður keppenda sé samkvæmt reglum fyrir þá keppnisgrein sem um ræðir.

Skoðunarmaður ber ábyrgð á að keppendur sýni fram á gild ökuréttindi, sýni fram á að keppnistækið sé tryggt til samræmis við reglugerð og að þeir sem eru yngri en 18 ára framvísi heimild foreldra eða forráðamanna.

Fyrir hvert keppnistæki er fyllt út skoðunarskýrsla í gegnum mótakerfi AKÍS og er send keppanda í tölvupósti.

Skoðunarmaður hefur heimild til að fara fram á að tjónað eða skemmt keppnistæki sé lagað áður en það fær heimild til að keppa. Þá getur skoðunarmaður meinað keppanda að taka þátt í keppni hvenær sem er, telji hann viðkomandi ekki hæfan til að keppa.

15. Öryggisfulltrúi

Öryggisfulltrúi ber ábyrgð á að framkvæmd keppinnar stefni ekki áhorfendum, starfsmönnum eða keppendum í hættu.

Öryggisfulltrúi hefur heimild til að stöðva keppni eða einstaka keppendur, telji hann þess þörf.



Verði slys á fólki ber öryggisfulltrúa að gera skýrslu um atvikið, lýsa aðstæðum og meta mögulegar orsakir. Hann hefur heimild til að taka keppnistæki sem lenda í slíku atviki til frekari skoðunar áður en keppandi fær aðgang að því aftur. Sú skoðun má fara fram eftir að keppni lýkur.

16. Dómnefnd

Dómnefnd er æðsta vald á keppnisstað. Hún ber ábyrgð á að framkvæmd keppna sé eftir reglum, að úrslit séu birt og úrskurðar um kærur sem berast. Dómnefnd hefur vald til að framfylgja sérreglum keppninnar, keppnisreglum AKÍS, lögum og reglum ÍSí og reglum FIA.

Sjá nánar í Reglugerð um dómnefndir AKÍS.

17. Þjónustulið keppanda

Þeir sem eru í þjónustuliði keppanda eru skráðir hjá keppnishaldara og á ábyrgð viðkomandi keppanda.

18. Myndatöku- og fjölmiðlafólk

Sérstakar reglur eru um myndatöku- og fjölmiðlafólk á aksturskeppnum á vegum AKÍS.

Reglurnar eru aðgengilegar á vef AKÍS ásamt sniðmátum eins og við á.

19. Fundur með keppendum

Fundur með keppendum skal haldinn minnst 15 mínútum fyrir keppni. Mæti keppandi eða fulltrúi hans ekki á fundinn getur honum verið vísað úr keppni.

20. Framkvæmd keppninnar

Þegar keppni er í gangi skulu eftirfarandi öryggisatriði vera á staðnum.

- Sjúkrakassi
- Slökkvitæki
- Sími



- Afrit af leyfum
- Afrit af tryggingaskírteini

Keppnisstjórn verður að tryggja nægjanlegan fjölda starfsmanna til að:

- Stjórna áhorfendum
- Stjórna umferð keppenda
- Hafa eftirlit með framkvæmdinni

Öllum starfsmönnum verður að kynna notkun slökkvitækja og hvernig á að bregðast við þeim atburðum sem kunna að gerast á meðan á keppni stendur.

Allir starfsmenn keppinnar eiga vera klæddir í öryggisvesti til aðgreiningar frá áhorfendum.

Undir engum kringumstæðum má leyfa umferð tækja eða gangandi fólks inn á brautum meðan á keppni stendur.

Hafa skal sérstakt eftirlit með dýrum sem kunna að koma með fólki, öll dýr skulu vera í taumi og fjarri öllum tækjum á meðan á keppni stendur. Gæta skal þess að viðkomandi hafi stjórn á dýrinu ef eitthvað kynni að koma uppá.

Telji keppnisstjórn að loka þurfi viðgerðarsvæði fyrir óviðkomandi, er það heimilt, t.d. með skráningu á aðstoðarmönnum keppenda.

Tryggja skal að olíur og aðrir vökvar fari ekki niður í jarðveginn meðal annars með því að keppendur noti hlífðardúka þegar unnið er með olíur og eldsneyti og úrgangsolíu sé safnað í viðurkennda olíutanka.

Endurnýtanlegur úrgangur verði flokkaður og skilað til endurnýtingar. Spilliefnum verði skilað til viðurkenndra móttökuaðila.

21. Kærur

Kærufrestur er 30 mínútur eftir að úrslit eru birt, nema annað sé tekið fram í sérreglum keppinnar

Kærur vegna flokkaskráninga skulu berast minnst 30 mínútum fyrir ræsingu, nema annað sé tekið fram í sérreglum keppinnar.



Kærur skulu gerðar samkvæmt ISC. Undirritaðar kærur ásamt kærugjaldi skulu afhentar keppnisstjóra eða staðgengli hans innan tilsetts kærufrests. Kærugjald er samkvæmt gjaldskrá AKÍS, nema annað sé tekið fram í sérreglum keppinnar.

Hægt er að skjóta málum til almennrar dómnefndar AKÍS til samræmis við reglur um hennar.

22. Áfrýjanir

Áfrýjun til áfrýjunardómstóls ÍSÍ

Heimilt er að áfrýja til áfrýjunardómstóls ÍSÍ þeim málum Dómstóls AKÍS, sem varða Ólympíusáttmálann eða túlkun á honum. Áfrýjunardómstóll ÍSÍ ákveður í þessum tilvikum hvort kærutriði séu þess eðlis að hann eigi um þau að fjalla. Hafni áfrýjunardómstóll ÍSÍ kærutriðum áfrýjanda er málinu þar með endanlega lokið.

Endanleg niðurstaða

Dómur áfrýjunardómstóls AKÍS er endanlegur og bindandi fyrir málsaðila. Verður þeim dómi ekki skotið til annarra dómstóla innan íþróttahreyfingarinnar.

23. Frestun og framhald keppni

Framhaldskeppni: Hafi keppni byrjað og ekki hægt að halda áfram vegna utanaðkomandi ástæðna eins og til dæmis veðurs eða birtu er heimilt að halda sérstaka framhaldskeppni áður en næsta keppni er ræst eða innan 30 daga sé um að ræða síðustu keppni keppnistímabilsins.

Nýja dagsetningu framhaldskeppni þarf að tilkynna AKÍS og keppendur eru eingöngu þeir sömu og hófu keppni.

Frestun keppni: Verði af einhverjum ástæðum að fresta keppni sem komin er umsögn fyrir eiga þegar skráðir keppendur rétt á því að keppa í hinni frestuðu keppni án sérstaks endurgjalds. Þá er keppishöldurum heimilt að opna fyrir skráningu að nýju, enda sé það sérstaklega auglýst.

Við frestun keppni ber keppnishaldara að sækja um til AKÍS og fá nýja dagsetningu samþykkt.

24. Akstur

Keppandi skal ávallt haga akstri sínum þannig að engin hættu steðji að áhorfendum, starfsmönnum og keppendum (í þeirri röð). Telji keppnisstjórn einhvern fyrrnefndu í hættu skal umsvifalaust stöðva akstur og gera viðeigandi ráðstafanir svo hættan sé ei lengur til staðar, áður en keppni er haldið áfram.

Við akstur í keppni er skylda að nota hjálm og þann öryggisbúnað sem ætlaður er fyrir keppnisgreinina.

Keppnistæki án númera og sérsmíðuð keppnistæki skulu uppfylla kröfur um smíði keppnistækja fyrir viðkomandi keppnisgrein og skal keppandi vera útbúinn samkvæmt sömu keppnisreglum.

Öll slys sem kunna að verða við framkvæmd keppni skal umsvifalaust tilkynna til Neyðarlínunnar í síma 112. Slasist áhorfandi eða alvarlegt slys verður skal stöðva keppni eins fljótt og unnt er. Ákvörðun um áframhald keppni er tekin af dómnefnd og öryggisfulltrúa.

Keppnisstjóri skal hafa öll þau gögn til staðar sem yfirvöld kunna að vilja skoða ef um slys er að ræða.

Loka skal fyrir akstur inn á keppnisbraut áður en keppni hefst.

Akstur til og frá keppni skal vera háttað samkvæmt umferðarlögum. Brot á umferðarlögum við akstur til eða frá keppni getur varðað brottvísun úr keppni.

Tjón sem hlýst af keppenda eða keppnisliði hans kann að vera skaðabótaskyld.

25. Frágangur í lok keppni

Keppendum og aðstoðarmönnum er skylt að taka allt rusl og leifar sem frá þeim kemur með sér af svæðinu eða setja í þar til gerð sorpílát.

Keppnishaldari skal fara yfir svæðið og hreinsa það sem eftir liggur.



26. Úrslit

Innan sólarhrings frá lokum keppni skal skrá úrslit keppinnar í Mótakerfi AKÍ. Innan fimm daga skal keppnisstjóri skrá lista yfir stig til Íslandsmeistara fyrir alla keppendur. Þetta á við úrslit úr heildarkeppninni ásamt öllum flokkum.

Samþykkt af stjórn AKÍ 20. nóvember 2018.